

✉ Re: Ósk um umsögn - Laugarás askbr. 2110095 -

Búið til	22.12.2021 13:03:39
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	22.12.2021 13:03:38
Tilheyrir	📁 202112-0039 - Laugarás í Bláskógabyggð - umsögn um aðalskipulagsbreytingu.

Efni

Re: Ósk um umsögn - Laugarás askbr. 2110095 -

Upplýsingar

Sent	22.12.2021 13:03:38	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202112-0039 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., dags. þann 15. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar varðandi þéttbýlið í Laugarási.

Skipulagslýsingin var ekki send Náttúrufræðistofnun til umsagnar í upphafi auglýsingartíma heldur í kjölfar þess að Umhverfisstofnun benti á í sinni umsögn að Náttúrufræðistofnun þyrfti að meta hvort hverir í þéttbýli falli undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur að í henni komi fram það helsta sem fjalla um. Hins vegar eru ýmis áform nokkuð óljós og t.d. ekki tilgreindar hvaða staðsetningar eru til skoðunar fyrir ný verslunar- og þjónustusvæði, nýtt tjaldsvæði, ný ylræktarsvæði o.fl. Einnig þarf að fjalla betur um náttúruverndarstöðu hverasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun telur að hverasvæðið sem staðsett er inni í þéttbýlinu og er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis við Vaðla, falli undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Á korti Náttúrufræðistofnunar sem sýnir hvar slík fyrirbæri eru staðsett (www.serstokvernd.ni.is)

(<http://www.serstokvernd.ni.is>) er merkt hverasvæði rétt fyrir austan byggðina en sú merking vísar til hverasvæðisins eilítið vestar við Vaðla. Þörf er á að laga þessa merkingu á kortinu. Þegar kort Náttúrufræðistofnunar sem sýnir útbreiðslu vistgerða er skoðað (www.vistgerdakort.ni.is) þá sést að innan hverasvæðisins eru sérstakar hveravistgerðir t.d. mýrahveravist og jarðhitalækir. Báðar þessar vistgerðir eru metnar með hátt verndargildi og eru sjaldgæfar. Náttúrufræðistofnun telur því að ákvæði 61. greinar eigi við um svæðið og því ber að forðast að raska því nema brýn nauðsyn beri til. Svæðinu hefur verið raskað lítið eitt enda jarðhitinn nýttur á svæðinu. Því er full ástæða til að viðhalda þeim óröskuðu hverum, hveramyndunum og jarðhitavistgerðum sem eru á svæðinu.

Þá ber að geta þess að sjaldgæfar plöntur sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar fyrir æðplöntur frá 2018 (Válisti æðplantna | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>)) finnast á svæðinu. Um er að ræða sérhæfðar jarðhitategundir eins og vatnsögn (*Crassula aquatica*) og naðurtungu (*Ophioglossum azoricum*). Þessar tegundir hafa nýlega verið friðaðar samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 og skv. 6. grein auglýsingarinnar er bannað að eyðileggja eða skaða þessar plöntutegundir á vaxtarstöðum þeirra.

Mikilvægt er að þau áform í breytingu á aðalskipulagi sem eru í nágrenni hverasvæðisins taki tillit til náttúruverndargildis þess og að ekki verði farið í framkvæmdir sem raski viðkvæmum og sjaldæfum hveramyndunum, vistgerðum og vaxtarstöðum friðaðra plantna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Ósk um umsögn - Laugarás askbr. 2110095 -
Date: 15.12.2021 15:22:09

Góðan dag

Óskum eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi lýsingu aðalskipulagsbreytingar í þéttbýlinu Laugarás í Bláskógabyggð.

Sjá einnig umsögn Umhverfisstofnunar þar sem bent er á að skoða í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands hvort að hverirnir í þéttbýlinu falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Lýsingin er í kynningu til 24. desember n.k.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

Viðhengi

image001.png (5 KB)